

**147. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti  
16-18,  
18. mars 2020 og hófst hann kl. 13:00.**

**Fundinn sátu:**

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurbórsdóttir fulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Hafdís Sigurbórsdóttir, fulltrúi.

**Fyrir tekið:**

**1. 2001019 - Suðurgata 20 - grenndarkynning óskipulagt svæði**

Bæjarstjórn Akraness samþykkti að grenndarkynna byggingarleyfi við Suðurgötu 20, í samræmi við 44. gr. skipulagslag nr. 123/2010. Grenndarkynnt var fyrir Akursbraut 3 og Suðurgötu nr. 16, nr. 18, nr. 21, nr. 22, nr. 23, nr. 25 og nr. 26.

Málið kynnt.

**2. 2001282 - Deiliskipulag Skógarhverfis 2. áf. - Fagrilundur 3A og 3B**

Beiðni um að fá að breyta lóðarmörkum milli Fagralundar 3A og 3B. Skipulags- og umhverfisráð lagði til að grenndarkynna skipulagsbreytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslag nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Fagralund 1A-1C, 5-7, Akralundi 13, 15, 17 og 19.

Engar athugasemdir bárust.

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreytingin verði samþykkt og send Skipulagsstofnun og auglýsing um gildistöku birt í B-deild Stjórnartíðinda.*

**3. 1910038 - Þéttung byggðar - uppkaup**

*Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri fór yfir stöðu verkefnisins.*

**4. 1911054 - Leikskóli hönnun**

Hönnun á 6 deilda leikskóla.

*Akraneskaupstað hefur borist tillaga að vali á bjóðanda í útboði nr. 21135 hjá Ríkskaupum á arkitektahönnun á 6 deilda leikskóla á Akranesi.*

*Skipulags- og umhverfisráð hefur ákveðið að fara að tillögu Ríkskaupa og mun tilkynning um val tilboðs verða send bjóðendum í útboðskerfi Ríkskaupa.*

*Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að stofnaður verði starfshópur um verkefnið.*

**5. 2002004 - Nýlendureitur - Melteigur 11, breyting á samkomulagi**

Beiðni Kali ehf. um endurupptöku/endurgerð samkomulags um Nýlendurreit Melteig 11, sem er á milli Suðurgötu og Sóleyjargötu.

Bæjarráð vísaði erindinu til umsagnar skipulags- og umhverfisráðs.

Q5

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarráð að lóðinni verði úthlutað að nýju.

**6. 2001204 - Stofnanalóðir - arkitektaútboð**

Opnun tilboða í hönnun lóða við Brekkubæjarskóla og Grundaskóla.

Tilboð bárust frá tveimur landslagsarkitektastofum í verkið en þau voru eftirfarandi:

Landslag ehf: 10.752.000, m.vsk

Landmótun ehf: 14.784.000, m.vsk

Kostnaðaráætlun verkkaupa var 10.000.000 m.vsk.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að samið verði við lægstbjóðanda.

**7. 2003189 - Flóahverfi - Lækjarflói 10**

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að lóð við Lækjarflóa 10 verði skipt um sbr. meðfylgjandi uppdrátt. Breytingin fellur undir 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr.123/2010,

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50.

Ragnar Sæmundsson

Olfur Þorsteinsdóttir

Sigurður P. Haukason

Hildur Sigurbjarsdóttir

Hannar Jóhanna Jóhannsdóttir ✓